

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

10. tbl. • 11. árg. • Október 2005

Stóreldhús og mötuneyti voru viðfangsefni fjölsóttar ráðstefnu Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands

Alcan fékk Fjöregg MNI 2005

Fjöregg MNÍ var veitt á Matvæladegi 14. október sl. fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla. Það var Alcan á Íslandi sem hlaut Fjöreggið í ár fyrir heilsuátak sitt. Rannveig Rist, forstjóri Alcan, tók við Fjöregginu, sem Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI afhenti en hann sat í dómnefnd ásamt Önnu Sigríði Ólafsdóttur, og Dóru Gunnarsdóttur.

Í ræðu sinni sagði Jón meðal annars: „Heilsuátak Alcan hófst í ársbyrjun 2004 og er ótímabundið. Það tekur á ýmsum þáttum sem skipta sköpum um vellíðan fólks. Átakið skiptist í þrjá meginþætti, næringu og hreyfingu, stoðkerfi og líkamsbeitingu og andlega líðan. Verkefnið er veigamikilið, vel útfært og í höndum fagmanna. Heilsuátakið sýnir í hnotskurn mikilvægi þess að vel sé hugsað um líðan og heilsu þess mannaúds sem býr í hverju fyrirtæki, ekki síður en um viðhald og rekstur tóla og tækja. Heilsuátak Alcan er til mikillar fyrirmyndar og verður vonandi öðrum til hvatningar.“

Aðrar tilnefningar sem dómnefnd þótti ástæða til að nefna sérstaklega:

Móðir náttúra sem hefur stuðlað að aukinni neyslu hollra og nærandi grænmetisréttanna með því að bjóða fjölbreytt úrval af spennandi og nýstárlegum réttum til stóreldhúsa og neytenda.

Fylgifiskar fyrir nútímalega sérværslun með hágæða sjávarafurðir, **Hollt og gott** fyrir fjölbreytt úrval af niðurskornu grænmeti og tilbúnum réttum fyrir salatbari og **Sláturfélag Suðurlands** fyrir skólamatinn „Hollt í hádegi.“



Úrslit í Ljósmyndasamkeppni Ljósmyndarafélags Íslands og SI :

Lárus Karl Ingason hreppti fyrstu verðlaun

Lárus Karl Ingason, hlaut fyrstu verðlaun í Ljósmyndasamkeppni sem haldin var í tengslum við ráðstefnuna „Frá hugmynd til markaðar.“ Þema keppinnar var pappír í allri sinni mynd. Önnur og þriðju verðlaun komu í hlut Pálma Ásbjarnarsonar, ljósmyndara.

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein bls. 2-3

Góður árangur en fallvaltur



Dagar prentiðnaðarins bls. 10-12

Vel heppnuð ráðstefna og námstefnur



Hreinn ávinningur bls. 16-19

Samantekt ráðstefnunnar



Ljósmyndarafélag Íslands og Samtök iðnaðarins efndu til keppinnar fyrir félagsmenn Ljósmyndarafélagsins í tilefni Daga prentiðnaðarins dagana 22. og 23. september. Sjá nánari umfjöllun á bls. 10, 11 og 12.



Ævintýri í bylgjupappa

Góður árangur en fallvaltur




Óhætt er að fullyrða að Ísland sé í hópi þeirra ríkja þar sem lífskjör eru hvað best og starfsskilyrði atvinnulífsins koma vel út á margvíslega mælikvarða sem notaðir eru í alþjóðlegum samanburði. Íslenskar aðstæður hafa vakið athygli, ekki síst í kjölfar þess að íslenskir athafnamenn hafa gerst stórtækir við kaup á fyrirtækjum erlendis. Þetta er gleðilegt og sýnir að hér hefur margt gott verið gert. Dæmi um þetta er að á nýliðnum aðalfundi Dansk industri (Samtaka iðnaðarins í Danmörku) var Ísland tekið sem fyrirmynd að því sem vel er gert, ásamt Írlandi og Massachusetts í Bandaríkjunum. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar.

Margt vel gert

Þegar staða Íslands er skoðuð er oftast staldrað við nokkur atriði sem þykja til fyrirmyndar. Fyrst ber að nefna íslenska skattkerfið. Tiltölulega lágir tekjuskattar á fyrirtæki og einstaklinga eru öfundarefni, svo og lágur skattur á fjármagnstekjur, afnám hátekjuskatts og eignarskatts. Skattar af þessu tagi örva til athafna og vinnu.

Atvinnuþátttaka er óvenju mikil hér á landi. Konur eru virkari á vinnumarkaði en í flestum öðrum löndum og við höfum ekki gengið eins langt og margar aðrar þjóðir í að lækka lífeyrisaldur. Þá stendur lífeyriskerfi okkar óvenju styrktum fótum miðað við mörg önnur. Bótakerfi okkar hafa verið þannig að þeir



vinna sem geta. Annars staðar hefur víða verið gengið of langt í að gera bótakerfi meira aðlaðandi en vinnu. Þessu til viðbótar kemur langur vinnutími. Þegar allt þetta er talið munar um minna. Á fundi Dansk industri kom fram að ef Danir væru jafn vinnusamir myndi það þýða að þeir hefðu úr um 85 milljörðum danskra króna úr að spila árlega en það jafngildir kostnaði við rekstur sjúkrahúsa þar í landi.

Sveigjanleiki á vinnumarkaði er talinn kostur. Þar hefur Ísland sem betur fer varðveitt sérstöðu sína en mörg vestræn ríki, ekki síst á öðrum Norðurlöndum og norðanverðri Evrópu gert sína vinnumarkaði skaðlega ósveigjanlega og er Þýskaland gott dæmi um það.

Frumkvöðlaandi og vilji til sjálfsbjargar og sjálfstæðis er ríkur hér á landi í samanburði við mörg önnur lönd. Hin síðari ár hefur aukist skilningur á gildi vísinda-, rannsókn- og þróunarstarfs, samhliða eflingu atvinnulífs sem byggist á virðisaukandi starfsemi menntaðs vinnuaflds.

Varðveita verður kostina

Allt hvetur þetta frekar en letur til athafna og hagvaxtar. Kappkosta verður að varðveita þessa góðu stöðu sem við höfum í þessum eignum og helst gera enn betur. Hvorki má draga úr sveigjanleika á vinnumarkaði né grípa til neinna þeirra aðgerða sem draga úr atvinnuþátttöku. Halda ber áfram á braut skattalækkana þegar réttar

aðstæður eru fyrir hendi og sníða af augljósa vankanta á borð við vörugjöld og stimpilgjöld. Leggja á enn meiri áherslu á uppbyggingu hátækniíðnaðar og tækni- og verkmenntun en verið hefur.

Skeinhættar sveiflur

Þótt okkur vegni vel eru augljósar blikur á lofti, blikur sem geta kollvarpað því sem áunnist hefur og ekki er minnst á í þeim alþjóðlega samanburði þar sem Ísland er jafnan í efstu sætum. Íslenska krónan er lítil gjaldmiðill og íslenska hagkerfið er lítið. Hvort tveggja er því mjög næmt fyrir öllum sveiflum þar sem inn- og útstreymi vöru, þjónustu og peninga kemur við sögu. Gengi íslensku krónunnar skiptir sköpum fyrir afkomu samkeppnis- og útflutningsgreinar okkar. Á síðustu 5 árum hefur dollarinn kostað á bilinu 58 til 110 íslenskar krónur og evran 72 til 97 krónur. Það þarf ekki hagspeking til þess að sjá hversu alvarlegar afleiðingar þetta hefur fyrir hvern þann sem fær greitt í erlendri mynt og þarf að skipta í krónur. Verðsveiflan, þegar dollarinn á í hlut, er 88% en 35% þegar evran kemur við sögu. Það eru þessar gífurlegu sveiflur sem eru og verða okkur skeinhættar. Við þær verður ekki unað.

Það er athyglisvert að skoða stöðu annarra Norðurlandþjóða að þessu leyti gagnvart evru. Finnar finna engar sveiflur í viðskiptum sem gerð eru í evrum enda þeirra eigin mynt. Danir

Helstu verkefni stjórnar SI veturinn 2005-2006

Áherslur og framkvæmd verkefna í fjórum málaflokkum

Stjórn SI hefur undanfarið unnið að því að móta forgangsverkefni sem leggja ber megináherslu á í starfi Samtaka iðnaðarins veturinn 2005-2006. Á lista stjórnarinnar eru rúmlega 30 verkefni sem stjórnin hefur flokkað og forgangsraðað eftir mikilvægi fyrir iðnaðinn í heild. Verkefnin skipast í fjóra meginmálaflokka og stjórnin hefur ákveðið að setja á fót sérstakar málefna nefndir til að skapa festu um framkvæmd áhersluverkefna og fylgja þeim eftir.

Starf nefndanna felst í að gera tillögur um framkvæmd verkefna á viðkomandi málefna sviði, leggja fram framkvæmdaáætlanir, fara yfir framkomnar tillögur stjórnar, bæta við tillögum, útfæra framkvæmd, þar með talið að benda á heppilega samstarfsaðila þar sem við á og vakta þau mál sem eru ofarlega á baugi á sviðinu á hverjum tíma.

Málefna nefndirnar fjórar, sem nú eru að taka til starfa, eru eftirfarandi:

1. Starfsskilyrði iðnaðar

Sú nefnd starfar undir forystu Sveins

Hannessonar, framkvstj. SI, og mun einbeita sér að verkefnum sem snúa að almennum starfsskilyrðum iðnaðar, gengis- og efnahagsmálum. Þá er nefndinni ætlað að fjalla um fjölmörg viðfangsefni sem snúa að útboðsmálum, opinberum innkaupum og starfsskilyrðum verkta. Meðal áhersluverkefna má telja aðgerðir til koma að efnahagsstjórn landsins þ.m.t. umsvifum ríkisins, draga úr kostnaði og regluþyrði við opinbert eftirlit, herferð gegn kennitöluflakki og svartri starfsemi, virðisaukaskattsmál UT fyrirtækja vegna þjónustu við ríki og sveitafélög, einkavæðing ríkisrekinnna tölvudeilda og reglur varðandi innflutt vinnuafli.

2. Markaðs- og kynningarmál

Nefndin starfar undir forystu Jóns Steindórs Valdimarssonar, aðst.framkv. SI, og mun einbeita sér að verkefnum sem snúa að því að gera SI meira gildandi og sýnilegri í þjóðfélagsmálum, m.a. í samstarfi við fjölmiðla og alþingismenn. Meðal áhersluverkefna má telja aðgerðir til að auka slagkraft SI sem öflugur þrýstihóps, leiðir til að ná

eyrum alþingismanna, samskipti við fjölmiðla og upplýsingamiðlun.

3. Nýsköpun og þróunarmál

Sú nefnd starfar undir forystu Davíðs Lúðvíkssonar, forstöðumanns starfsgreina, þjónustu og þróunar hjá SI. Nefndin mun einbeita sér að verkefnum sem snúa að nýsköpunar- og þróunarmálum í öllum starfsgreinum, uppbyggingu hátækni iðnaðar og sprotafyrirtækja. Meðal áhersluverkefna eru úrvinnsla og eftirfylgni með tillögum í hátækniskýrslu þ.m.t. Sprotavettvangur - áttak í uppbyggingu nýsköpunar- og sprotafyrirtækja, straumlínustjórnun sem leið til aukinnar framleiðni og gæða, auk umfjöllunar um auknar kröfur til fyrirtækja og gæðamál.

4. Menntamál

Sú nefnd starfar undir forystu Inga Boga Bogasonar, fulltrúa menntamála og starfsþróunar hjá SI. Nefndin mun einbeita sér að verkefnum sem snúa að almennum mennta- og fræðslumálum iðnaðar á öllum skólastigum. Meðal áhersluverkefna má telja sameiningu fræðslumiðstöðva iðnaðarins, ímynd og efling iðn- og tæknimenntunar, að vinnustaðakennsla verði metin til jafns við skólakennslu, að menntun sé betur sniðin fyrir þarfir atvinnulífsins auk aðgerða við koma Námssefnis- og tækjasjóði iðnaðarins

Málefna nefndunum er ætlað að verða fastur liður í starfsemi SI á næstu árum. Í hverri nefnd starfa stjórnarmenn, starfsmenn SI og fulltrúar úr ráðgjafaráði. Nefndastarfið er opið og geta félagsmenn SI, sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi nefndanna, haft samband við ábyrgðarmenn þeirra á skrifstofu SI í síma 591 0100.

Davíð Lúðvíksson

Góður árangur en fallvaltur

hafa að nafninu til eigin mynt en hún er svo fasttengd evrunni að sveiflur eru vart merkjanlegar. Svíum hefur tekist að halda sveiflum sænsku krónunnar innan við 5% frá því að seðlabanki þeirra varð sjálfstæður og tók upp verðbólgu markmið, líkt og sá íslenski. Norðmenn eru á hinn bóginn undir sömu sök seldir og Íslendingar enda þótt þeirra sveiflur séu talsvert minni. Þar í landi eiga útflutnings- og samkeppnisgreinar við sömu vandamál að stríða og okkar.

Evrar vegur þyngst

Milli 60 og 70% inn- og útflutningsverslunar okkar eru við ESB. Stærstur

hluti viðskipta okkar er því við ríki sem hafa tekið upp evru, tengst henni traustum böndum eða miða efnahagsstjórn sína við að geta tekið hana upp. Með því að taka upp evru væri því unnt að draga að verulegu leyti úr sveiflum í inn- og útflutningsverðlagi, draga úr áhrifum inn- og útstreymis fjármagns eins og nú er vegna skuldabréfaútgáfu erlendra aðila í íslenskum krónum og stórfamkvæmda á Austurlandi. Vaxtamanur milli Íslands og annarra ríkja myndi minnka og ábyrg hagstjórn yrði óhjákvæmileg.

Jón Steindór Valdimarsson

SI vilja sameina fræðslumiðstöðvar iðnaðarins

Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi viljað auka hagræðingu og endurskipulagningu í endurmenntunar- og fræðslustarfi iðnaðarins. Sá vilji kemur fram í stefnu Samtakanna og fyrirtæki hafa í vaxandi mæli stutt slíka þróun. Á ráðgjafaráðs fundi Samtaka iðnaðarins í lok september var fjallað um fyrirhugaða sameiningu fræðslumiðstöðva iðnaðarins.

Sameina þarf krafta fræðslumiðstöðvanna

Iðnaðurinn hefur um langan aldur látið sig varða menntamál enda hafa þau átt ríkan þátt í þróun iðnaðarins. Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins spretta úr eftirmenntunarnefndum einstakra iðngreina á 8. áratugi síðustu aldar. Þær voru rökrétt viðbragð iðnaðarins við nýjum kröfum; mennta þurfti fagmenn í nýrri tækni, nýjum vinnubrögðum og nýjum efnum. Nú á tímum gengur þekkingin í vaxandi mæli þvert á greinar. Fyrir vikið verður verkefna svið fræðslumiðstöðvanna keimlíkara. Þessi veruleiki kallar á breytt fyrirkomulag fræðslumiðstöðvanna.

Vorið 2004 skilaði KPMG greinargerð um aukið samstarf eða sameiningu FM, FHM, MFB og PTS. Unnið hefur verið í samræmi við vinnuáætlun greinargerðarinnar. Markmiðið var að auka samvinnu fræðslumiðstöðvanna í áföngum eða sameina þær. Skilgreind voru tiltekin verkefni sem vinna mætti sameiginlega og þeim skipt upp í þrjá áfanga. Árangur hefur náðst varðandi fyrsta

áfangann sem þó reyndist tímafrekari og erfiðari en vonir stóðu til.

Í maí sl. var haldinn stefnumótunarfundur með aðstandendum fræðslumiðstöðva í Borgarnesi. Þar ríkti sameiginlegur skilningur á því að efla samvinnu og stefna að sameiningu fræðslumiðstöðvanna. Ekki fékkst skýr niðurstaða um það hvort frekar ætti að stefna að samvinnu eða sameiningu.

Nýlega skilaði sérstök nefnd Samtaka iðnaðarins skýrslu til stjórnar SI um samstarf eða sameiningu fræðslumiðstöðva iðnaðarins. Stjórnin samþykkti tillögur sem þar koma fram.

Stjórn SI telur að núverandi fyrirkomulag í samstarfi FM, FHM, MFB og PTS sé fullreynt. Kominn sé tími til að sameina fræðslumiðstöðvarnar í eina, með eina stjórn og einn framkvæmdastjóra. Slíkt sé skynsamlegt, hagkvæmt og árangursríkt. Með sameiningu muni fjármagn nýtast betur og starfsemi verða árangursríkari. Með því að sameina fræðslumiðstöðvarnar náist skýrt boðvald og ráðstöfun fjármagns heyrir undir eina stjórn. Nýtt félag hefji starfsemi í byrjun næsta árs.

Ráðgjafaráðs fundur

Á ráðgjafaráðs fundi SI, sem haldinn var nýlega, fór **Sveinn Hannesson**, frkvstj. SI, yfir málið og greindi frá fyrirhugaðri sameiningu og ávinningnum af henni.

Á síðustu árum hefur mestur vöxtur orðið hjá fyrirtækjum sem byggjast á þekkingu og færni sem rennur þvert á



hefðbundnar greinar. Sveinn nefndi að samkeppnisforskot fyrirtækja liggur í þáttum sem erfitt er að skilgreina og meta til fjár, t.d. í þekkingarauði og mannauði. Slíkur auður gengur að mestu leyti þvert á hefðbundnar iðn- og starfsgreinar.

Sveinn tiltók sérstaklega eftirfarandi forsendur fyrir sameiningu fræðslumiðstöðvanna:

- Þekking er ein af mikilvægustu aðföngum fyrirtækja. Þekking skilur á milli sigra og ósigra í samkeppni. Þekkingu þarf að byggja upp. Fræðslumiðstöðvarnar eiga að vera þekkingarmiðstöðvar.
- Fleiri störf verða flókin og verðmæt. Auk faglegrar þekkingar þarf starfsfólk að kunna fyrir sér í stjórnun, skilja rekstur og vera fær um að leysa flókin verkefni. Fræðslumiðstöðvarnar hafa tækifæri til að leggja sameiginlega meira af mörku- um á þessum sviðum.
- Sérstaða ólíkra iðn- og starfsgreina minnkar stöðugt og skilyrði þeirra verða æ svipaðri.
- Verklag við námsskrágerð og námsefnisgerð er svipað og kallar því á hagræðingu.
- Samstarf við menntamálaráðuneytið markast meira af málefnum en iðn- og starfsgreinum.
- Iðnaðurinn þarf sterka ásýnd í menntamálum. Sameinuð starfsemi undir hatti Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins gefur tækifæri til að nálgast markaðinn af fullu afli og að ná fram hagsmunamálum gagnvart stjórnvöldum. Bregðast þarf við vaxandi





samkeppni á þessu sviði, annars verða fræðslumiðstöðvarnar undir.

Sveinn nefndi að Samtök iðnaðarins vilja vinna að sameiningu fræðslumiðstöðvanna helst í góðri samvinnu við sveinafélög. Starfshópur eigenda fræðslumiðstöðvanna fjögurra vinnur að því að ná sameiginlegri sýn á málið og sérfræðingur hefur verið ráðinn til að leiða þá vinnu. Fyrir næstu áramót þarf að liggja fyrir hverjir vilja vinna með SI í málinu. Í kjölfarið skal liggja fyrir nýtt fyrirkomulag fræðslumiðstöðvanna.

„Við verðum að líta svo á,“ sagði Sveinn, „að með sameiningu fræðslumiðstöðva iðnaðarins náist það markmið sem SI hafa stefnt að frá 1995 og því sem lýst er sem lokaáfangi í skýrslu KPMG.“

Nokkrir félagsmenn Samtaka iðnaðarins tóku til máls og lýstu yfir ánægju með vilja stjórnar SI.

Guðbrandur Magnússon, framleiðslustjóri hjá Morgunblaðinu, minnti á að störf í prentiðnaði hefðu gerbreyst á undanförunum árum og kröfur aukist. Fyrirtæki reiða sig á öflugna símenntastarfsemi til þess að mæta nýjum kröfum.

Halla Bogadóttir, gullsmíðameistari, bindur vonir við að ný sameinuð fræðslumiðstöð hafi afl til að sinna breiðari hópi fagmanna í iðnaðinum en áður. Það vantar t.d. símenntun í hönnun og þjónustu.

LofTUR Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, telur að í ljósi þess að atvinnurekendur eigi að hafa afl til breytinga á fræðslumiðstöðvunum; þeir greiða um 70% af símenntagjaldi til þeirra.

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, lagði áherslu á að framboð náms í fræðslumiðstöðvum þyrfti að endurspegla þarfir atvinnulífsins fyrir breytilega kunnáttu og færni. Hún sagði að verksmiðjan framleiddi 19% meira en hún er hönnuð fyrir. Sá góði árangur væri mikið til vegna þekkingar starfsfólks sem á undanförunum árum hefur notið ríkulegrar símenntunar.

*Ingi Bogi Bogason
Þóra Kristín Jónsdóttir*

Samkeppni engin á raforkumarkaði

Veruleg verðhækkun varð á raforkuverði til allmargra iðnfyrirtækja í kjölfar markaðsvæðingar raforkusölu um síðustu áramót. Sú verðhækkun kom öllum að óvörum og var skellt á iðnfyrirtækin af fullum þunga án nokkurrar aðlögunar. Það ætlar að taka orkufyrirtækin langan tíma að laga taxta sína og þjónustu að nýju kerfi og koma með nýjar lausnir í stað þeirra sem hurfu. Lítið sem ekkert hefur verið komið til móts við fyrirtæki sem urðu fyrir hækkunum um áramót.

Samtökin iðnaðarins fagna frjálsri samkeppni en enn sem komið er virðist hún óvirk á raforkumarkaði. Þeir félagsmenn SI, sem hafa farið af stað og látið reyna á samkeppni á raforkumarkaði, hafa lítið haft upp úr krafsinu. Þeir sjá ekki samkeppni, hvorki í betra verði né aukinni þjónustu. Vilji orkufyrirtækjanna til að laða til sín nýja viðskiptavinum er ekki merkjanlegur. Kerfið var illa undir þessar breytingar búið og það er áhyggjuefni að um áramót mun orkusala til fjölda smærri fyrirtækja einnig færast yfir í samkeppnisumhverfi. Til að markmið nýrra raforkulaga náist þarf að stuðla að því að raunveruleg samkeppni þrífist.

Ófullnægjandi svör

Hækkun á raforkuverði kom einkum fram hjá þeim fyrirtækjum sem höfðu verið með samninga um aðra taxta en hinn almenna, þ.e. rofið rafmagn, ótryggða raforku og tímaháða taxta. SI hafa leitað skýringa á þessu og sendu m.a. formleg erindi til Orkustofnunar í apríl síðastliðnum. Komið er svar við einu erindi sem sneri að hækkun á verði ótryggðrar raforku. Í svari Orkustofnunar er niðurstaðan sú að þó að sýnt sé fram á verulega hækkun á ótryggðri raforku milli árana 2004 - 2005 finnur stofnunin ekki skýringar á

því en hún sér heldur ekkert athugasvert við verðlagninguna þótt hækkun sé veruleg á flutningshluta orkuverðsins. Orkustofnun virðist telja að verð á ótryggðri raforku hafi verið óeðlilega lágt fyrir breytingu. Hvort sem það er rétt eða ekki er ljóst að starfsskilyrði margra fyrirtækja versnuðu skyndilega án nokkurs fyrirvara.

Mikilvægt að koma á samkeppni í verðlagningu

Það er mikilvægt að losa um verðlagningu þannig að samkeppni komist á skrið. Núverandi gjaldskrár eru bundnar að miklu leyti og lítill sveigjanleiki er til að lækka verð til stórra viðskiptavina. Verðlagningin er fjórskipt; orka, flutningur, dreifing og sala. Flutningur og dreifing eru ekki í samkeppni og raunin er sú að lítil sem engin samkeppni er heldur í orkusölu því að Landsvirkjun er eini aðilinn sem selur orku í heildsölu og stýrir því verðlagningu. Þannig er einungis sölubátturinn í samkeppni og því ekki eftir miklu að slægjast og svigrúm til verðsamkeppni lítil.

Tryggja þarf samkeppni í orkusölu sjálfri en nú er Landsvirkjun markaðsráðandi sem eini heildsalinn. Allir aðrir, sem framleiða orku, nota hana og selja sjálfir. Landsvirkjun getur því ekki mismunað viðskiptavinum sínum og má segja að orkuhluti verðsins sé fastur. Lítil hvati er fyrir orkufyrirtækin til að laða til sín viðskiptavinum þegar orkusamningar eru fastir til margra ára og viðbótarorka er dýr.

Gefa þarf rými fyrir sveigjanleika í gjaldskrár flutnings- og dreifikostnaðar til stórra notenda í stað þess að hafa fast verð til allra notenda. Í eldra kerfi var sá þáttur gjarnan verðlagður lágt í sértöxtum enda byggjast þeir á að orka sé nýtt þegar eftirspurnin er lítil. Um helmingur orkuverðs liggur í flutningi og dreifingu og brýnt er að ná þeim

frh. á bls 6

Hættuleg vara á markaði

Hver er ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila?

Hér á landi eru í gildi lög nr. 134/1994 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu en löggin gilda um vöru sem markaðssett er hér á landi eða flutt út til annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og fer Neytendastofa með markaðseftirlit þeirra vörflokka sem löggin ná yfir.

Í lögnum er skýrt kveðið á um að framleiðendur megi einungis markaðssetja örugga vöru en framleiðandi telst m.a. vera sá sem býr til fullnna vöru, hluta vöru eða sá sem merkir framleiðsluvöru með auðkenni sínu. Ef framleiðandi á ekki staðfestu innan EES telst fulltrúi hans vera framleiðandi vöru. Í lögnum er einnig kveðið svo á um að ef vara sem ekki uppfyllir kröfur finnst á markaði beri Neytendastofu að grípa til viðeigandi aðgerða með hliðsjón af eðli málsins, t.d. innkalla eða leggja sölubann á vöru.

Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila

Mikilvægt er að framleiðendur og dreifingaraðilar geri sér ljóst að nýverið voru gerðar breytingar á lögnum (nr.68/2004). Nú kveða löggin m.a. svo á um að ef framleiðendur og dreifingaraðilar vita eða hafa mátt vita að vara, sem þeir hafa markaðssett, stofni neytendum í hættu skuli þeir tafarlaust tilkynna eftirlitsstjórnvöldum um það. Þetta þýðir að ef framleiðandi verður þess áskynja að vara hans sé gölluð eða jafnvel hættuleg neytendum þá ber honum að hafa samband við viðkomandi eftirlitsstjórnvald og tilkynna um slíkt. Þetta felur einnig í sér að framleiðandi skal upplýsa um þær aðgerðir sem hann hyggst grípa til svo að koma megi í veg fyrir að neytendum sé stofnað í hættu. Stjórnvöld skulu þá meta hvort þær séu fullnægjandi eða



hvort nauðsynlegt sé að grípa til frekari aðgerða.

Í framhaldi af lagabreytingunni gaf Evrópusambandið út viðmiðunarreglur fyrir fyrirtæki/framleiðendur um hvernig meta skuli og hversu mikið vara geti stofnað öryggi neytenda í hættu (risk assessment) og með hvaða hætti framleiðendur eigi að upplýsa stjórnvöld í slíkum tilvikum. Reglunum er ætlað að auðvelda og samræma hvað er lítil, miðlungs eða veruleg hættu og leiðbeina um viðeigandi aðgerðir til að koma í veg fyrir slys eða óhöpp af völdum vöru eða í tengslum við notkun vöru.

Þessar lagabreytingar eru afar mikilvægar þar sem framleiðandinn ber ábyrgð á öryggi framleiðsluvöru sinnar gagnvart neytendum og það er jafnframt skylda hans að tilkynna ef varan fullnægir ekki kröfum um öryggi.

Það er afar áriðandi að framleiðendur vöru geri sér grein fyrir þessari lagskyldu en ekki síður því að upplýsingar til neytenda um hættulega vöru á markaði skapar ekki neikvæða ímynd af framleiðenda vöru heldur þvert á móti. Slíkt gefur til kynna að framleiðandi meti öryggi kaupendavöru sinnar framar öllu.

*Fjóla Guðjónsdóttir,
sérfræðingur á markaðssviði Neytendastofu*

Nýir félagsmenn SI

Mjólka ehf.
Eyjum 2
270 Mosfellsbæ
Matvælaiðnaður

Kredit ehf.
Bankastræti 5
101 Reykjavík
Þjónustuiðnaður

frh. af bls. 5

Samkeppni engin á raforkumarkaði

kostnaði niður með aðhaldi við Landsnet og dreifiveitur. Athygli vekur að orkufyrirtækin nýta mörg hver tekjuramma sinn að fullu strax frá byrjun og taka lítið sem ekkert af hækkunum á sig.

Stórnotendur orku njóta ekki stærðarinnar

Það skýtur skökku við að markaðsvæðing raforkukerfisins skuli bitna mest á þeim sem nota mest rafmagn. Búast mátti við að stórir notendur nytu góðs af markaðsvæðingu og nytu stærðar sinnar í samkeppni. Það er að minnsta kosti reynslan erlendis. Iðnrekendum þykir illskiljanlegt að vera boðið sama verð á orku fyrir orkufrekt fyrirtæki og boðið er til heimahúsa. Stórir orkunotendur verða að fá notið stærðar sinnar líkt og í öðrum viðskiptum. Slíkt er forsenda þess að orkufrekur iðnaður sjái sér hag í að reka starfsemi sína hér á landi.

Bryndís Skúladóttir

Kraftmikið fyrirtæki í mikilli sókn

Ásprent Stíll á Akureyri er ört vaxandi fyrirtæki á sviði prentlausna og auglýsinga og er í hópi stærstu fyrirtækja landsins á sínu sviði. Fyrirtækið fagnar tveggja ára afmæli um þessar mundir en sögu þess má þó rekja mun lengra aftur í tímann því að það á m.a. rætur að rekja til Prentverks Odds Björnssonar (POB) sem var ein virtasta prentsmiðja landsins á öldinni sem leið.

Ásprent Stíll varð til haustið 2003 við sameiningu prentfyrirtækjanna Ásprents og Alprents og auglýsingastofunnar Stíls. Á dögnum festi Ásprent Stíll kaup á fyrirtækjunum Prenttorgi og Límmiðum Norðurlands og er nú unnið að því að sameina þau rekstri fyrirtækisins. Starfsmenn eru um 40 talsins.

KEA á 70% í Ásprenti Stíl, Einar Árnason, prentsmiðjustjóri 20% og G. Ómar Pétursson framkvæmdastjóri 10%. Sá síðastnefndi var fenginn til að segja stuttlega frá fyrirtækinu sem hann veitir forstöðu.

Víðtæk þjónusta

Innan Ásprents Stíls eru sex svið en þau eru prentsmiðja, útgáfustarfsemi, límmiðaprentun, skiltagerð og fata-merkingar - og auglýsingastofa en hún er rekin sem sjálfstæð eining. „Stefna okkar er sú að veita sem víðtækasta þjónustu á markaðs- og kynningarsviði. Það er mikill styrkur fyrir fyrirtækið að

geta tekið við verkefnum og unnið þau frá grunni til enda. Þar á ég við ferlið allt frá hugmyndavinnu og frumhönnun til endanlegrar útfærslu og framleiðslu, jafnt prentgripa sem skilta og annars auglýsingaefnis. Verkefnið er þá á hendi og ábyrgð sömu aðila frá upphafi en það tryggir skilvirkni og gott eftirlit. Þetta er kostur fyrir viðskiptavinina og jafnframt er tiltekið öryggi fólgið í því fyrir þá að vita að við einn og sama aðilann er að eiga á öllum stigum framleiðslunnar,“ segir G. Ómar.

Prentun í hæsta gæðaflokki

Markaðshlutdeild Ásprents Stíls á Akureyri og nágrenni er mikil og viðskiptavinahópurinn stór og traustur. Að auki hefur fyrirtækið unnið töluvert fyrir aðila annars staðar á landinu, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. En hvar eru helstu sóknarfærni? „Við ætlum okkur auðvitað að vera áfram stærsta og öflugasta fyrirtækið á þessu sviði á landsbyggðinni. Við höfum lagt áherslu á hátt tæknistig, gæðaframleiðslu og góða þjónustu og erum enn að færa út kvíarnar. Við lukum nýlega við stefnumótun fyrir fyrirtækið og kaupin á Prenttorgi og Límmiðum Norðurlands eru liður í því að framfylgja henni. Þessa dagana erum við að undirbúa flutning límmiðaframleiðslunnar, innréttu húsnæði fyrir hana og auka tækjakostinn. Þar með verður prenthluti fyrirtækisins allur undir einu þaki.



G. Ómar Pétursson, framkvæmdastjóri Ásprents Stíls: Horfum m.a. til þess að fá aukin verkefni frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Innan skamms bjóðum við mjög fullkomna límmiðaprentun og fáum vonandi aukin verkefni á því sviði í kjölfarið.“

Aukin sókn á höfuðborgarsvæðið

Framkvæmdastjórinn segir það ekkert launungarmál að Ásprent Stíll hafi fullan hug á að halda áfram að stækka og eflast. „Í þeim efnum horfum við m.a. til þess að fá aukin verkefni frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu enda hefur reynslan sýnt að við erum fyllilega samkeppnishæf hvað varðar verð og gæði og ekki síður hátt þjónustustig. Hjá okkur vinna fjölmargir, frábærir fagmenn langflestir, sem vinna í framleiðsludeildum okkar, eru menntaðir á sínu sviði. Hér er góð blanda af „reynsluboltum“ og fólki sem hefur menntað sig og tileinkað sér þannig þær miklu breytingar sem orðið hafa í prentiðnaði á síðustu árum.“

G. Ómar segist vita sem er að starfsemi fyrirtækis á borð við Ásprent Stíll snúist fyrst og fremst um það að veita afbragðsgóða þjónustu. „Þar teljum við okkur standa vel að vígi en stefnum að því að bæta okkur enn frekar. Ég og samstarfsfólk mitt höfum unnið markvisst að því að breyta fyrirtækinu í sveigjanlegt og viljugt þjónustufyrirtæki sem leitar stöðugt leiða til þess að mæta kröfum viðskiptavina sinna um aukinn hraða og skilvirkni,“ segir G. Ómar Pétursson að lokum.

Ásgeir Magnússon

Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi



Ásprent Stíll gefur út öflugasta auglýsingamiðil á Norðurlandi, Dagskrána, sem vikulega er dreift í 10.200 eintökum

Hópfarferð á málmsuðusýninguna - Schweissen & Schneiden

Um miðjan september sl. fór vaskur hópur á vegum Samtaka iðnaðarins og Málmsuðufélags Íslands á hina miklu og viðurkennda málmsuðusýningu Schweissen & Schneiden í Essen í Þýskalandi.

Þar bar margt forvitnilegt fyrir augu og menn kynntust nýrri tækni og nýjum aðferðum sem eiga eftir að nýtast hér heima á næstu árum. Töluvert var um að menn keyptu nýjar og fullkomnar vélar og enn fleiri möguleikar í þeim efnum verða til frekari skoðunar næstu vikur og mánuði því að þátt-



Einbeittir hlusta íslenskir málmsuðumenn á útskýringar á nýrri tækni í faginu



Starfsmenn frá Álstál, Teknís og Marel skoða nýja málmsuðutækni

takendur fóru heim með mikið magn af upplýsingabæklingum auk þess sem þeir komust í tengsl við framleiðendur véla og tækja og þau tengsl eiga eftir að koma að góðu gagni.

Með því að sækja slíkar sýningar reglulega er tryggt að nýjasta tækni sé ávallt nýtt í íslenskum málmiðnaði

Ingólfur Sverrisson



Oft er stutt í hláturinn. Félagar frá Stálsmiðjunni, Norma og Gastec

Lykilatriði útflutnings

Útflutningsráð og IMG standa fyrir námskeiði sem tekur á þeim grunnþáttum sem einkenna uppbyggingu og framkvæmd útflutningsmála innan fyrirtækja. Gerð verður grein fyrir stoðkerfi útflutningsfyrirtækja og farið yfir uppbyggingu útflutningsstarfsseminnar.

Farið verður yfir mikilvægi þess að kynna sér ólíka menningu og viðskiptavenjur áður en farið er á markað.

Ávinningur af þátttöku er aukin þekking og skilningur á útflutningsferlinu, markvissari vinnubrögð og auknar líkur á árangri í útflutningi.

Námskeiðið verður haldið 27. okt. kl. 9:30-17:00 í húsnæði IMG að Borgartúni 27 og er samstarfsverkefni Útflutningsráðs Íslands og IMG.

Leiðbeinandi: Þorgeir Pálsson, B.S. í hagfræði og alþjóðlegum viðskiptum og ráðgjafi hjá IMG.

Verð: 29.500

Hægt að skrá þátttöku í síma 511 400 eða með því að senda tölvupóst á utflutningsrad@utflutningsrad.is.

Áhrif sveitarstjórna á fyrirtækin í landinu

Samtök atvinnulífsins fjalla reglulega um ýmis mál sem tengjast sveitarfélögum, s.s. eftirlitsmál, kosti einkarekstrar, fjármálastöðu og skattheimtu, þá ekki síst fasteignagjöld og útsvar. Í ljósi þess að landsmenn ganga til sveitarstjórnarkosninga næsta vor hafa SA ákveðið að kanna meðal félagsmanna sinna hvort vikka beri þann sjóndeildarhring eða bæta fleiri málefnum í umfjöllunina. Þá eru þeir hvattir til að velta fyrir sér spurningum má borð við:

- Hefur sveitarfélagið og starfsemi þess einhver áhrif á rekstur þinn? Eru þau til bóta eða bölvunar fyrir fyrirtækin?
- Geta sveitarfélög gert eitthvað til að bæta starfsumhverfi síns fyrirtækis?

Skrifstofa SA tekur við öllum ábendingum og hugmyndum í þessu efni í síma 591 1000 og á netfangið sa@sa.is



Hönnunartvettvangur stendur fyrir Hönnunardögum 2005 dagana 17.-20 nóvember. Í tengslum við hönnunardaga verður opnuð sýning Húsa & Hýbýla og IceXpo í nýrri sýningar- og ráðstefnuhöll í Laugardal. Hönnunartvettvangurinn mun í samstarfi við Iðntæknistofnun, Marel og IDEO sem er heimspekt hönnunarfyrirtæki standa fyrir fyrirlestri 9. nóvember og nýsköpunarnámskeiði 10. nóvember um hönnun og aðferðir sem byggjast á því að þróa, prófa og innleiða árangursríkar lausnir á hraðvirkan hátt.

Dagskrá Hönnunardaga er í mótun en þeir byggjast á góðri samvinnu og þátttöku samstarfsaðila, styrktaraðila og stuðningsmanna. Guðbjörg Gissuraróttir, framkvæmdastjóri Hönnunartvettvangs hefur yfirumsjón með verkefninu. Hönnunartvettvangur var settur á stofn í maí 2005. Markmiðið er að standa fyrir faglegu og virku hönnunarsamfélagi sem kynnir, hvetur og eflir alla íslenska hönnun. Aðstandendum tveggjans standa iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Útflutningsráð, Iðntæknistofnun, Reykjavíkurborg og Form Ísland.

Sýning í Laugardalshöll

Á hönnunardögum verður opnuð sýning í Laugardalshöll á vegum Húsa & Hýbýla, þar sem framleiðendur, hönnuðir, verslanir og heildsalar sýna vörur sínar. Fimmtudag og föstudag er sýningin einungis opin fyrir fagfólk og þeim sem sækja viðburði Hönnunartvettvangs. Laugardag og sunnudag verður sýningin opin almenningi. IceXpo er framkvæmdaraðili sýningarinnar og samstarfsaðili Hönnunartvettvangs ásamt Húsum & Hýbýlum.

Fyrirlestrar í tengslum við sýningu

Í tengslum við sýninguna stendur Hönnunartvettvangur fyrir sérstakri fyrirlestrasýrpu í nýjum ráðstefnusölum Laugardalshallar um ýmis málafni sem tengjast hönnun.

Sýningaflakk

Að aflokinni fyrirlestrasýrpu á föstudaginum 18. nóvember verður farið á sýningaflakk sem byrjar í Hallarmúla, sýningasal Pennans. Þar verða léttar veitingar í boði og þeir sem vilja geta tekið rútu sem fer kl.17.00 frá Laugardalshöll. Klukkan 18.00 fer rútan frá Pennanum og niður í miðbæ þar sem gullsmiðir verða með samsýningu. Eftir það er um að gera að rölta niður Laugavegin og nærliggjandi götur og skoða og njóta annara sýninganna sem eru í boði.

Hönnunarverðlaunin 2005

Á vegum Hönnunartvettvangsins starfar fimm manna dómnefnd sem falið hefur verið að velja hönnuð sem hlýtur „Hönnunarverðlaunin 2005.“ Stefnt er að því að veita þessi verðlaun í fyrsta sinn í tengslum við Hönnunardaga 2005.

Fyrirlestur og námstefna IDEO

Hér gefst íslenskum fyrirtækjum og hönnuðum tækifæri til að kynna sér vinnuaðferðir IDEO, m.a. hvernig það innleiðir og þróa nýsköpunarferlið innan fyrirtækja. IDEO hefur haldið námskeið (innovation workshop) um heim allan.

Starfsmenn IDEO halda fyrirlestur 9. nóvember og nýsköpunarnámskeið 10. nóvember þar sem þátttakendum gefst kostur á til að fara vel í hvert skref í

aðferðum IDEO. Þessi námskeið eru byggð á samvinnu í raunverulegum verkefnum sem byggjast á því að þróa, prófa og innleiða hraðar og árangursríkar lausnir.

IDEO er áhugavert fyrirtæki

IDEO er heimspekt hönnunarfyrirtæki sem hefur fengið fjölda viðurkenningar og verðlaun fyrir hönnun á vöru og þjónustu. IDEO sem vinnur á mjög fjölbreyttu sviði hefur þróað aðferð og tól til að örva nýsköpun og koma þróunarhugmyndum í framkvæmd hraðar en venjan er. Meðal þeirra fyrirtækja, sem IDEO hefur unnið fyrir, má nefna Hewlett-Packard, Intel, Nestlé, Luft-hansa, AT&T Wireless Services, Vodafone, Samsung, NASA, Procter & Gamble, BBC og Apple. IDEO er því án efa ramsækið fyrirtæki sem vert er að fylgjast með.

Hönnun og nýsköpun

Í síbreytilegum viðskiptaheimi, eykst stöðugt krafan um nýsköpun. Vöruframboð hefur aldrei verið meira, tískutímabilin hafa styst og nýir tímar, þar sem þjónusta eða vara eru sérsniðin að ólíkum viðskiptavininum eru komnir til að vera. Fyrirtækjum dugur ekki lengur að vera fyrst á markað eða með mesta framleiðslugetu þau þurfa einnig að vera skapandi.

Fyrirtæki í öllum greinum gera sér æ betur grein fyrir mikilvægi hönnunar og nýsköpunar. Það getur verið flókið ferli að hafa yfirsýn og skipulag á öllum þeim þáttum sem snúa að nýsköpun innan fyrirtækis. Nýjar aðferðir og ný hugsun skipta því miklu máli í nýsköpunarstarfi fyrirtækja í dag. Á Hönnunardögum gefst stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja kjörið tækifæri til að kynnast nýjum straumum og aðferðum í nýsköpun.

Nánari upplýsingar um Hönnunardaga og námskeið IDEO má finna á vefsíðu Hönnunartvettvangs, www.icelanddesign.is eða í síma 5707100 / 8615588.

Guðbjörg Gissuraróttir
Davíð Lúðvíksson

Frá hugmynd til markaðar:

Vel heppnuð ráðstefna og námstefnur á Dögum prentiðnaðarins

Í tilefni Daga íslensks prentiðnaðar héldu Samtök iðnaðarins viðamikla ráðstefnu, Frá hugmynd til markaðar, í Salnum, Kópavogi, 22. september sl. Þar sem fjallað var um þau tækifæri sem felast í beinni markaðssókn og nýjungar í miðlun upplýsinga. Fram komu virtir fyrirlesarar, innlendir sem erlendir og daginn eftir, 23. september, voru haldnar þrjár námstefnur með erlendu fyrirlesurum. Aðsókn var góð og þóttu bæði ráðstefnan og námstefnur takast vel.

Huga þarf að lagaumhverfi fjölmiðla

Ekki verður hjá því komist að velta fyrir sér eignarhaldi samrekinna miðla, sagði Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í ávarpi sínu við setningu ráðstefnunnar. Á þeim stutta tíma, sem liðinn væri frá hinum miklu deilum um fjölmiðlalögin fyrir ári, hefði þróunin á sviði upplýsingamiðlunar haldið áfram og stórir aðilar, sem samrækju ólíka miðla hefðu, stækkað enn frekar. Því væri full ástæða til að huga að því hvernig lagaumhverfi og samkeppni ætti að vera háttað á þeim vettvangi.

Í ávarpi Sveins Hannessonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, kom fram að Samtökin hafa ákveðið að hefja undirbúning að stofnun starfsgreinahóps á sviði upplýsinga- og fjölmiðlagreina, svokallaðs Media-hóps. Sveinn kom einnig inn á aukna samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum og sagði að samkeppni væri erfið og þreytandi og að fyrirtæki leituðu stöðugt eftir leiðum til að skapa sér sérstöðu á markaði og vildu helst ekki vera á markaði þar sem bardaginn væri harðastur. „Ein leiðin er sú að skapa sér vígstöðu,“ sagði Sveinn, „þar sem reynt er að ná tökum á viðskiptavininum og



þvinga hann í nokkurs konar vistarband.“

Mikilvægt að veita virðisaukandi þjónustu

Baldur Þorgeirsson, framkvæmdastjóri framleiðsluviðs Prentsmiðjunnar Odda hf., velti fyrir sér í erindi sínu hvert væri hlutverk prentsmiðja um þessar mundur. Niðurstaða hans var sú að það ætti að vera að veita virðisaukandi þjónustu sem vissulega fæli m.a. í sér að þrykkja prentliði á pappír. En prentsmiðjur þyrftu að beina athyglinni að tiltekinni sérhæfingu og leita lausna fyrir viðskiptavinum sína. Baldur sagði að prentiðnaðurinn hefði gengið í gegnum miklar breytingar og mikil samþjöppun væri á markaði en mikilvægt væri fyrir prentfyrirtæki að missa ekki sjónar á því að veita virðisaukandi þjónustu. Ef hlustað væri á viðskiptavinina og þarfir þeirra leystar myndi fyrirtækjunum vegna vel og viðskiptavininum einnig.

Aðlögun og sveigjanleiki

Hinn 2.500 ára boðskapur kínverska hernaðarsérfræðingsins Sun Tzu í ritinu Listin að heyja stríð á enn erindi við manninn. Donald G. Krause, forstjóri KDH Consulting Company og höfundur

metsölubókanna The Art of War for Executives og The Way of The Leader, kynnti ráðstefnugestum hvernig hin gamla speki kennir að hvetja beri fólk áfram, leiða það, skipuleggja og vinna með því til að ná settu marki. Lykillinn að velgengni, sagði hann, er aðlögun og sveigjanleiki.

Í erindi sínu fjallaði Sólveig Hjaltadóttir, deildarstjóri söludeildar Tryggingamiðstöðvarinnar, um undirbúning beinnar markaðssóknar þar sem áhersla væri lögð á markpóst. Sólveig sagði m.a. að þess misskilnings gætti stundum að markpóstur þyrfti að vera stuttur en hann þyrfti ekkert endilega að vera það ef textinn væri vel undirbúinn og skilaboðin sett fram á skilmerkilegan hátt. Lykilatriði væri að hafa góðan fyrirvara og mikilvægt væri að horfa á hvern og einn viðskiptavin og skilgreina þarfir hans.

Engu máli skiptir hver atvinnugreinin er eða virðisikeðjan, sagði Jose M. Pons, stjórnarformaður markaðsráðgjafarfyrirtækisins AXIOMA og prófessor til 14 ára við IESE-háskólann í Barcelona. Málið snýst um ávinning og hann næst með því að laga fyrirtæki að þörfum markaðarins. Þá minnti hann á að fyrirtækjum væri stjórnað frá æðstu stöðum innan þess, frumkvæði ætti að koma þaðan og bregðast yrði við breytingum á markaði skjótt ef ekki ætti illa að fara.

Við stafrænu byltinguna eru heimili landsmanna að tengjast upplýsinga- og gagnaveitu sem býður mikla möguleika, var meðal þess sem kom fram í máli Orra Haukssonar, framkvæmdastjóra þróunarsviðs Símans. Hann sagði að í nánustu framtíð myndi þróunin leiða til miðlægrar uppsprettu upplýsinga og afþreyingarefnis og ekki myndi skipta máli hvernig tól og tæki fólk yrði með

framhald á bls. 12

Framleiðendur styrki sambandið við neytendur - markaðsfræðin dauð

José M. Pons, stjórnarformaður markaðsráðgjafar-fyrirtækisins AXIOMA og fyrrverandi prófessor við hinn virta IESE-háskóla í Barcelona, gerði bilið á milli framleiðenda og viðskiptavina meðal annars að umtalsefni.

Hann lagði ríka áherslu á að framleiðendur gæfu ekki eftir samband sitt við viðskiptavinina sína en sagði þetta samband frekar vera "clienting" en "marketing" og tók reyndar svo djúpt í árinna að segja að markaðsfræðin væri dauð. Með því vísaði Pons í þá staðreynd að stórmarkaðir högnuðust orðið meira á sambandinu við viðskiptavinina en framleiðendur. Vissulega hefðu framleiðendur upplýsingar um viðskiptavinina en smásalarnir hefðu gríðarlegt magn upplýsinga sem hjálpaði þeim að kortleggja nákvæmlega hvað gerðist í verslunum frá degi til dags, m.a. hvernig viðskiptavinir brygðust við nýjungum.

Framleiðendur sæju þessa mynd ekki í jafn skýrt. Markmið þeirra hlyti því að vera að efla tengslin við neytendur og skapa sér stöðu í huga þeirra við kaup í verslunum þannig að þeir tengdu kosti vörunnar við framleiðandann en ekki aðra. Gott dæmi um þetta væri blaðaútgáfa matvælarisans KRAFT þar sem vörunnar voru tengdar ljúffengum uppskriftum og fleira efni sem neytandinn hafði bæði gagn og gaman af.

Pons kom einnig inn á stjórnun og hve ríkan þátt viðhorf (attitudes) stjórnenda hefði fyrir forgangsröðun og þar með rekstur og viðgang fyrirtækja. Viðhorf skiptu oft sköpum þrátt fyrir gríðarlegt magn staðreynda sem stjórnendurnir hefðu aðgang að og skjalfesta hæfni þeirra við að meðhöndla þær. Viðhorf réði þannig miklu um forgangsröðun verkefna sem hefði á einn eða annan hátt áhrif á samskipti fyrirtækisins við viðskiptavinina.



Herstjórnarlist í góðu gildi í 2.500 ár

Tímarnir breytast og mennirnir með en mannlegt eðli breytist ekki, segir Donald G. Krause, annar erlendu fyrirlesaranna á ráðstefnunni Frá hugmynd til markaðar. Krause ritaði bók byggða á kenningum kínverska hershöfðingjans Sun Tzu, sem uppi var fyrir um 2.500 árum, og birtust í ritinu Listin að heyja stríð.



Mikilvægasta atriðið í hinum gömlu kínversku herstjórnarfræðum segir Krause vera aðlögun framkvæmda (adaptive execution). Hann hafi sjálfur tekið hugmyndir Sun Tzu og byggt á þeim og reynt að laga þær að viðskiptalífinu í sinni eigin bók, Listin að heyja stríð - fyrir stjórnendur (The Art of War for Executives).

Krause segir að í sem stystu máli megi segja að meginboðskapur Sun Tzu sé þessi: Þekktu óvini þína, vertu viðbúinn og bíddu eftir rétta tækifærinu til að nýta styrk þinn.

„Kína hefur alla burði til að verða efnahagsstórveldi,“ segir Krause þegar talið berst að Kína nútímans. Þar skipti hvort tveggja máli í þjóðin og auðlindir landsins. „Kína á að heita kommúnískt ríki en Kínverjar eru eins miklir kapítalistar og hægt er að vera,“ segir hann og bætir við að sama megi segja um Indland.

„Indverjar eru duglegir að tileinka sér nýjungar í tækni-geiranum og eiga margt hámenntað fólk og það meðal annars mun gera Indland að mjög öflugri ríki.“ Hann segist viss um að þessi þróun verði vel greinileg á næstu tveimur áratugum.

Þegar Krause er spurður um áhrif alþjóðavæðingarinnar segir hann jákvætt að verði tollmúrar ekki til trafala muni þróunin verða sú að framleiðsla muni færast til þeirra svæða þar sem hagkvæmast sé. Það sé af hinu góða að hans mati. „Ef fríverslun heldur áfram, sem ég er ekki viss um, þá mun alþjóðavæðingin stuðla að minni tortryggni milli þjóða,“ segir Krause. Þegar öllu sé á botninn hvolft sækist allir menn eftir því sama, góðu lífi og öryggi fyrir sig og sína.



Októberfest - þýskir dagar í bakaríum



Reynir Þorleifsson formaður LABAK

Landssamband bakameistarara efndi til Októberfest - þýskra daga í bakaríum nú í mánuðinum og fékk í lið með sér Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið og hrá-efnabrigja. Markmiðið var að vekja athygli á þýskri brauða- og kökumenningu og kynna hana íslenskum neyt-



endum. Bakarar hafa því kappkostað að bjóða úrval af grófum brauðum og kökum, sem kenndar eru við Þýskland, s.s. Svartaskógartertu.



Ute Burghardt,
fulltrúi þýska
sendiherrans

Þýsku dögnum var hleypt af stokkunum með móttöku fyrir boðsgesti laugardaginn 1. október, síðastliðinn. Þangað kom margt góðra gesta sem gæddu sér á kræsingum í boði bakara og stuðningsaðila þeirra. Reynir Þorleifsson, formaður LABAK, ávarpaði gesti og Ute Burghardt, fulltrúi þýska sendiherrans, opnaði Þýsku dagana formlega.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Framhald frá bls. 10

Frá hugmynd til markaðar: Dagar prentiðnaðarins

til móttöku þeirra þannig að nást myndi eins konar samfella í framboði.

Fjölmiðlar hafi skýrar leikreglur

„Það er nauðsynlegt að fjölmiðlar hafi skýrar leikreglur til að fara eftir,“ sagði Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og aðstoðarframkvæmdastjóri Time Warner, m.a. í viðtali sem tekið var við hann í New York og sýnt á ráðstefnunni. Ólafur Jóhann líkti umhverfi fjölmiðla við knattspyrnuleik og sagði að leikmenn, þjálfarar og dómara kæmu og færðu en leikreglurnar væru alltaf til staðar og að eftir þeim yrðu allir að fara.

Í pallborðsumræðum, sem Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2, Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarformaður Árs og dags, útgáfufélags Blaðsins, Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Þorgeir Baldursson, forstjóri Prentsmiðjunnar Odda, tóku þátt í var rætt um stöðu og framtíð upplýsinga- og fjölmiðlagreina á Íslandi.

Mörg sóknarfæri dagblaða

Meðal þess sem kom fram í máli fjórmenninganna var að prentmiðlar höfðu enn til neytenda þrátt fyrir þær miklu og öru breytingar sem eigi sér stað í miðlun upplýsinga. Spurning væri hve mikið sú kynslóð, sem nú elst upp við tölvur, muni nýta sér prentmiðla en allar hrakspár hafi ekki ræst og m.a. væri nú dreift daglega um 240 þúsund eintökum af dagblöðum héraendis sem væri mun meira en var fyrir nokkrum árum. Sóknarfæri dagblaða væru mörg og þau væru í mótvægi við þann hraða sem einkenndi fréttáflutning annarra miðla. Skiptar skoðanir voru um eignarhald á fjölmiðlum en fram kom m.a. að sú staða væri komin upp í kjölfar þess að fjarskiptafyrirtækjum var leyft að eiga fjölmiðla, að viðskiptavinirnir væru skikkaðir til að kaupa fjarskiptaþjónustu þeirra til að fá aðgang að upplýsingum fjölmiðilsins.

Árni Hallgrímsson,
AP-almannatengslum



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
10. töl. Október 2005
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 19.10.2005
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins,
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Skipaiðnaðurinn er hátæknigrein

Undanfarið hafa miklar sviptingar verið í íslenskum skipaiðnaði. Margir muna vel þá tíma þegar hér á landi voru öflugar skipasmíðastöðvar sem afgreiddu hvert happafleyið á fætur öðru til íslenskra útgerða. Nú er öldin önnur og ekkert stálskip í smíðum hér á landi auk þess sem fiskiskipaflotinn hefur minnkað verulega. Verkefni við viðhald og við-gerðir flotans hafa því dregist mikið saman og upptökumannvirki lítið nýtt. Afleiðingarnar blasa við og fyrir-tækjum í greininni fækkar eða beina kröftum sínum annað.

Sama þróun

Sömu sögu er að segja á Vesturlöndum. Samdráttur skipaiðnaði í Evrópu, sem m.a. stafar af samkeppni við niðurgeiddan skipaiðnað í Asíu, einkum Suður-Kóreu, hefur orðið stjórnvöldum þessara landa og ESB mikið áhyggju-efni enda gríðarlegir hagsmunir í húfi. Ljóst er að þessar þjóðir geta ekki beitt sömu úrræðum og áður þekktust, svo sem beinum niðurgreiðslum. Gildir þá einu þótt samkeppnisþjóðirnar fari á svig við alþjóðasamninga um bann gegn ríkisstyrkjum. Hvað er þá til ráða?

LeaderSHIP 2015

Eftir vandaða stefnumótunarvinnu starfshóps á vegum Evrópusambandsins (ESB) um framtíð evrópsks skipaiðnaðar kynnti hann niðurstöður sínar undir fyrirsögninni LeaderSHIP 2015. Árið 2003 staðfesti framkvæmdastjórn ESB þessar niðurstöður og gerði þar með að starfsramma fyrir skipaiðnað á EES-svæðinu og eftir honum er þjóðum þess er gert að starfa.

Á grundvelli þessarar stefnu gaf ESB út leiðbeinandi reglur um skipaiðnað (Framework on State Aid to Shipbuilding - 2003/C 317/06). Þar er skilgreint um hvaða skip þessi ákvæði gilda ásamt þróun framleiðslu og framleiðsluferla. Þar er enn fremur tekið fram að



Togarinn Þórunn Sveinsdóttir VE 401 var smíðaður í Slipstöðunni hf. árið 1991

heimildir til fjárhagslegra styrkja séu bundnar við fjárfestingu í hönnun, verkfræðilausnum og prófunarferlum, sem verða að tengjast þróunarstarfi tiltekens verkefnis (skips). Um leið var ákveðið að heimild til að styrkja slíkan þróunarkostnað hækkaði úr 10% í 20% enda hafði skipaiðnaðurinn jafnframt verið skilgreindur sem hátækniiðnaður með hinum leiðbeinandi reglum. Sú ákvörðun er mikilvægari en virðist við fyrstu sýn.

Nýju reglurnar geta t.a.m. þýtt að fiskiskip, sem er hannað og smíðað á EES-svæðinu og kostar 400 milljónir króna, gæti þegið styrk allt að 60 milljónum króna úr viðkomandi ríkissjóði en það nemur 20% af áföllnum kostnaði við þróun umrædds skips. Þetta helgast af því að þróunarkostnaður getur orðið milli 70 til 80% af smíðaverði fyrsta skips enda er þá um að ræða skip með flókna útfærslu, mikinn fjölda tækja og vandaðan frágang.

Ef næsta skip er að öllu leyti eins getur það ekki fengið slíkan styrk. Á móti kemur að sífellt er verið að breyta og bæta hvert skip og því getur verið erfitt að draga mörkin hvort um samskonar skip er að ræða t.d. vélar og tæki. Því er ljóst að einstök ríki á EES-

svæðinu geta túlkað hinar leiðbeinandi reglur sínum skipaiðnaði í hag og styrkt þær í samræmi við eigin skilgreiningar á því hvað er þróunarkostnaður og hvað ekki.

Skipaiðnaður er hátæknigrein

Þegar þess er gætt að margar þjóðir hafa tekið þá atvinnupólitísku stefnu að efla mjög þær starfsgreinar sem byggja tilveru sína á rannsóknum og þróun og ekki síður vegna þess að búið er að skilgreina skipaiðnað sem hátækniiðnað, er síst að undra þótt þær beini rannsókn- og þróunarfé sínu í auknum mæli til skipaiðnaðarins. Þar koma margar greinar að svo sem vél-, raf-einda-, veiðafæra- og fiskleitartækni. Í öllum þessum greinum er sífellt verið að þróa nýja tækni og tæki og setja niður í fiskiskip sem eru að verða eins og hvert annað tækniundur.

Allt byggist þetta á þeirri staðreynd að mikill og fjölbreyttur iðnaður dafnar í tengslum við skipaiðnaðinn hér á landi sem annars staðar. Íslensk fyrirtæki hafa lagt sitt af mörkum í þeim efnum og nægir að benda á háþróuð íslensk togspil, stýrisvélar, búnað í brú og fiskvinnslubúnað auk veiðarfæra sem allt er í fremstu röð. Við höfum því ekki verið áhorfendur að þeirri tækniþyngingu

Frh. bls. 15



Sprotavettvangur

- Undirbúningur í góðum farvegi

Á Iðþingi 2005 var kynnt sameiginleg tillaga Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja um Sprotavettvang - samstarfsvettvang um uppbyggingu sprotafyrirtækja. Tillagan var kynnt í tengslum við hátækniskýrslu ásamt tilboði til stjórnvalda um Þriðju stoðina og almennum tillögum um umbætur í starfsskilyrðum til efla uppbyggingu hátækniiðnaðar.

Meginmarkmið vettvangsins:

„Að frá og með árinu 2010 bætist árlega að jafnaði tvö ný tækniyrirtæki í þann hóp sem veitir yfir einum milljarði á ári og skilar sér inn á almennan hlutabréfamarkað“ m.a. með meiri samhæfingu og samfellu í þeim fjármögnunar- og stuðningsaðgerðum sem standa fyrirtækjunum til boða eftir því hvar þau eru stödd á þróunarbrautinni.

Meðal helstu forgangsverkefna vettvangsins er að:


- Skilgreina sprotafyrirtæki að lögum og skapa skilning á mikilvægi nýsköpunarstarfsemi.
- Kortleggja og flokka sprotafyrirtæki eftir stöðu þeirra og þörf fyrir stuðning m.t.t. til markmiðsins að ná „milljarði í veltu“ og öðlast þannig betri yfirsýn yfir þarfir þeirra og viðfangsefni sem stuðningsaðilar geta komið að með markvissari hætti en áður.
- Endurskipuleggja opinbert stoðkerfi út frá framangreindri kortlagningu á stöðu og þörfum sprotafyrirtækja. Fara þarf yfir það framboð stuðningsaðila á þjónustu sem nú stendur til boða og tengja það saman þannig að úr verði samfelldur stuðningur sem miðar að því að ná sem mestum árangri í uppbyggingu sprotafyrirtækja á sem skemmstum tíma.
- Koma á sameiginlegu verkefni stuðningsaðila um markvissar aðgerðir til að ná markmiðinu um „að frá og með árinu 2010 bætist árlega að jafnaði tvö ný tækniyrirtæki í þann hóp sem veitir yfir einum milljarði á ári og skilar sér inn á almennan hlutabréfamarkað.“
- Bæta fjármögnunarumhverfi - tryggja fjármagn í nýsköpun m.a. með því virkja lífeyrissjóði til aðkomu að sprotafyrirtækjum gegnum samlög eða sjóðasjóði. Þá er lögð áhersla á að efla Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð til aðkomu að sprotafyrirtækjum. Komandi verði á fót sérstökum sprotamarkaði sem hefði það að markmiði að efla áhuga á viðskiptum með hlutabréf í sprotafyrirtækjum. Í þessu sambandi er sérstaklega horft til starfshóps iðnaðar- og viðskiptaráðherra um fjármögnun nýsköpunar og breytinga á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
- Skipuleggja þátttöku í „fyrirtækjastefnumótum“ og fjárfestingarþingum á borð við Seed Forum þar sem leitast er við að leiða saman fyrirtæki og fjárfesta á alþjóðlegum vettvangi. Í þessu sambandi er lögð sérstök áhersla á að öðlast yfirsýn yfir hóp „viðskiptatengla“ og rækta sambandið við þá m.a. með því að halda úti netverki fyrir þá og með upplýsingatengslum?
- Huga að laga- og reglugerðumhverfinu en það er eitt brýnasta verkefni stjórnvalda í þessu sambandi, þ.m.t. lagaleg skilgreining, sameining rannsóknastofnana atvinnuveganna/atvinnuvegaráðuneyta, uppbygging tæknimenntunar, þekkingarþorpa og skattalegir hvatar til nýsköpunar og fjárfestinga í sprotafyrirtækjum.
- Standa fyrir árlegu Sprotþingi í samstarfi við SSP og SI til að ræða stöðu og starfsumhverfi sprotafyrirtækja og framvindu þeirra verkefna sem vettvangurinn hefur umsjón með.

Unnið hefur verið nánari útfærslu sprotavettvangsins og verkefnið kynnt nánar fyrir sprotafyrirtækjum á almennum félagsfundum í júní og fundað var nýlega með samstarfsaðilum í stuðningsumhverfinu sem leitað hefur verið til varðandi þátttöku. Viðtökur hafa verið mjög góðar og samstaða er um að stefna að því hefja verkefnið formlega um næstu áramót.

Endurskipulagning stoðkerfisins:

Stoðkerfi íslenskra sprotafyrirtækja er óþarflega flókið og meiri samhæfingu þarf milli aðila sem tekur mið af ólíkum þörfum þeirra sprotafyrirtækja sem eru að reyna að fóta sig á þróunarbrautinni.

Megineldsneyti fyrirtækjanna er fjármagn en auk þess þurfa þau ýmsa þjónustu og aðgang að þekkingu eftir því sem þau þróast og þroskast á ferðalagi sínu. Þessir meginþættir í framgangi fyrirtækjanna liggja hins vegar ekki á lausu og því miður þurfa fyrirtækin oftast að hafa mikið fyrir því að nálgast þessa þætti. Þannig verður ferðlag þeirra meira í líkingu við víðavangshlaup úti í móa en ferðalag eftir hraðbraut.



Uppbygging sprotafyrirtækja minnir um margt á víðavangshlaup



Með því að straumlínulaga stuðningsumhverfið má ná skjótari árangri

Með því að laga þjónustu og þekk-
ingarframboð að þörfum fyrirtækjanna
og skapa meiri samfellu í framboði
fjármagns og þjónustupáttu má áreið-
anlega ná mun meiri árangri og hraðari
uppbyggingu en nú er.

Það er einn megintilgangurinn með
Sprotavettvangnum að vinna að meiri
sanhæfingu og samfellu í þeim fjár-
möggnunar- og stuðningsaðgerðum sem
standa fyrirtækjunum til boða eftir því
hvar þau eru stödd á þróunarbrautinni.

Árleg úttekt á stöðu og samhæfing stuðningsaðgerða

Fyrirtæki fá aðild að Sprotavett-
vangnum gegnum aðild að SI, SUT,
Samtökum sprotafyrirtækja og Sam-
tökum íslenskra líftækifyrirtækja.
Grunnpáttur vettvangnum er árleg kort-
lagning/úttekt á stöðu fyrirtækjanna
þannig að hægt sé að fylgjast með
framvindu og árangri en það er for-
senda þess að hægt sé að samhæfa
þjónustu stuðningsaðila og laga hana
að þörfum fyrirtækja sem stödd eru á
ólíku þróunarstigi.

Í þessu sambandi þarf að leggja
nokkra vinnu í að skilgreina ólík þró-
unarstig fyrirtækja á einfaldan hátt til
að sú flokkun nýtist sem best við að
skipuleggja þær stuðningsaðgerðir sem
eiga við á hverju þróunarstigi. Horfa
þarf til veltu og mannafla, vaxtarhraða,
fjárhagslegrar stöðu og baklands. Skil-
greiningar á þróunarstigi fyrirtækja
samkvæmt framangreindum þáttum
mætti tengja greiningartækjum og
stjórnunarlíkönum á borð við Micro-
scope, ISO-9000 og EFQM.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannís
eru 180 aðilar sem stunda rannsókn-
a og þróunarstarfsemi hér á landi. Þar af
gætu 50-70 fyrirtæki fallið undir skil-
greiningu SSP um sprotafyrirtæki.

Samstaða er um að hefja verkefnið á
forverkefni sem felst í kortlagningu og
þarfagreiningu meðal sprotafyrirtækja
til að greina betur stöðu þeirra og kröf-
ur til starfs- og stuðningsumhverfisins.

Þá er jafnhliða stefnt að formlegri
stofnun Sprotavettvangsins um næstu
áramót.

Davíð Lúðvíksson

Framhald af bls. 13

Skipaiðnaðurinn er

sem iðnaðurinn hefur þróað í nútíma
fiskiskipum; heldur þvert á móti verið
gerendur í fremstu röð í góðu samstarfi
við útgerðir, fiskvinnslur og starfsmenn
þeirra.

Hvar viljum við vera?

Af þessu má ljóst vera að allar for-
sendur eru fyrir hendi hér á landi til að
fylgja þeim anda sem LeaderSHIP 2015
byggist á. Það er þó háð því að stjórn-
völd taki þá atvinnupólitísku ákvörðun
að skilgreina skipaiðnaðinn og allar
greinar honum tengdar, sem hátækni-
iðnað og fylgja því eftir með fjárfesting-
um í því rannsókn- og þróunarstarfi
sem fellur að skilgreiningu slíks iðnaðar
innan ESB.

Rétt er að áréttta að hér er talað um
að veita opinberum fjárumunum til
rannsókn- og þróunarverkefna í öllum
þeim greinum sem koma að því að
hana og smíða fiskiskip og vélar og
tæki sem þar er að finna. „Þess vegna
er ekki einasta rætt hér um skipaiðnað
í þrengstu merkingu heldur og ekki
síður um grundvöll og framtíð annarrar
tækni- og veiðarfæraframleiðslu sem
honum tengist,“ eins og segir í skýrslu
um samkeppnisstöðu skipaiðnaðarins
frá í febrúar sl.

Nú er það stjórnvalda að kynna sér
það svigrúm og þá möguleika sem
stefnumörkunin LeaderSHIP 2015 opnar
til að efla íslenskan skipa- og tækni-
að. Gengið er út frá því að vilji sé til
þess að beina atvinnuþróun í sömu átt
hér á landi og stefnt er að annars stað-
ar í átt til tæknisamfélags framtíðar-
innar. Staðreyndin er sú að slík sam-
félög bjóða þegnum sínum bæði áhuga-
verð störf og bestu lífskjör. Þess vegna
er eðlilegt að beina opinberum fjárumun-
um í auknum mæli til rannsókn- og
þróunarverkefna í skipaiðnaði og
tengdra greina.

Tækifærið er framundan

Á næstunni verða teknar ákvarðanir á
Alþingi um nýtingu fjármuna sem feng-

ust vegna sölu Símans. Eðlilegt væri
tengja þá nýtingu þeim fjárútlátum sem
rannsókn- og þróunarvinna í skipaið-
naði og skyldum greinum þarfnast. Það
yrði sannarlega arðbær og góð fjár-
festing sem stuðlaði að uppbyggingu
tæknigreina sem hafa sýnt að eiga fullt
erindi á alþjóðamarkað.


Nágrannaþjóðir okkar, sem jafnframt
eru keppinautar, leggja nú þegar mikla
fjármuni til rannsókn- og þróunarverk-
efna í tæknigreinum og telja þeim fjár-
munum vel varið.

Þegar við bætist að íslenskar útgerðir
kalla eftir bestu þjónustu við skip sín
og allan þann fjölbreytta búnað sem
þar er að finna er einsýnt að við eigum
að feta þessa leið. Því hefur löngum
verið haldið fram að grunnur að góðri
viðgerðar- og viðhaldsþjónustu skipa
sé að hér þrífist nýsmíði og öflug fram-
leiðsla tækja og veiðarfæra. Til þess
höfum við alla burði ef starfsumhverfið
er með sama hætti og í nágranna- og
samkeppnislöndum okkar.

Ingólfur Sverrisson

Merkingar vörubretta

Nýlega tóku gildi reglur um með-
höndlun viðarumbúða og vörubretta í
Evrópu, Bandaríkjunum Kanada, Kína
og víðar. Viðurinn er settur í hita- eða
efnameðhöndlun sem kemur í veg
fyrir að plöntuskaðvaldar í viði komist
milli landa. Plöntueftirlitið á RALA
samþykkir meðhöndlun hér á landi
eða innfluttan við ef því er að skipta.
Þegar einu sinni er búið að meðhöndla
viðinn er hann í lagi. Reglurnar taka
ekki á hugsanlegu smiti í gömlum
brettum vegna notkunar þeirra. Að
gefnu tilefni er bent á að EURO merk-
ing á brettum er vegna staðals um
stærð bretta og hefur ekkert með
þetta að gera. Bretti og umbúðir, sem
fengið hafa þessa meðhöndlun, eru
merkt með þessu merki:





Ráðstefna um umhverfisstarf í fyrirtækjum „Hreinn ávinningur - hvað er að græða á umhverfisstarfi fyrirtækja?“ var haldin 28. september síðastliðinn. Í tilefni ráðstefnunnar var gefinn út bæklingur um helstu valkosti sem í boði eru hvað varðar vottun umhverfisstarfs. Að ráðstefnunni stóðu Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Umhverfisfræðsluráð og ASÍ. Ráðstefnan var vel sótt og sköpuðust líflegar umræður um kosti og galla vottunar, valkosti fyrirtækja og eftirlit opinberra aðila.

Aukin ábyrgð fyrirtækja á umhverfisstarfi

Í setningarávarpi sínu á ráðstefnunni sagði **Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA**, m.a. að viðhorf almennings og fyrirtækja til umhverfismála hefði gerbreyst undanfarin ár og áratugi og miklar framfarir hefðu orðið í þeim efnum. Fyrirtæki tækju meiri ábyrgð á umhverfi sínu en áður, mengun frá atvinnustarfsemi hefði minnkað og öryggi á vinnustöðum aukist. Með því hefðu fyrirtækin aukið efnahagslegan ávinning sem kæmi bæði starfsmönnum og samfélaginu í heild til góða. Þá hefði atvinnulífið tekið ábyrga afstöðu til sjálfbærrar nýtingar auðlinda og stuðlað að

því að viðhalda jákvæðri ímynd Íslands um náttúru og hreinleika.

Ari gagnrýndi eftirlitskerfi hins opinbera og sagði tímabært og afar mikilvægt að endurskoða leyfisveitingar og allt eftirlitskerfi hins opinbera frá grunni enda væri það allt of flókið og íþyngjandi í framkvæmd. Hið opinbera ætti áfram að móta kröfur og fylgja eftir að þeim yrði hrundið í framkvæmd. Hins vegar væri engin ástæða til að opinberir eftirlitsmenn væru á ferðinni úti í fyrirtækjunum. Leggja þyrfti áherslu á að samræma framkvæmd slíks eftirlits og það verði, eftir því sem frekast er unnt, falið faggiltum skoðunarstofum.

Ari sagði það kröfu atvinnulífsins að stjórnvöld geri sitt til að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að sinna áfram umhverfisstarfi og efla það enn frekar og að þau felli nú þegar niður þær hindranir sem standa í vegi fyrir því að svo megi verða. Þar skipti mestu að dregið verði úr utanaðkomandi og íþyngjandi eftirliti með starfsemi fyrirtækja sem sinna virku eftirliti. Síðast en ekki síst taldi Ari mikilvægt að færa eftirlitið frá sveitarfélögum og að fyrirtækjum, sem sinna góðu og þróttmiklu umhverfisstarfi með öflugu innra eftirliti, verði umbunað.

Einföld skilaboð

Stefán Gíslason hjá Umís fjallaði um þær umhverfisvottanir sem aðgengilegar eru íslenskum fyrirtækjum. Í innangangi kom fram, að umhverfisvottun gegndi á vissan hátt svipuðu hlutverki og bifreiðaskoðun. Í henni fælist staðfesting utanaðkomandi aðila á að viðkomandi stæðist þær kröfur sem gerðar eru, í þessu tilviki um gæði og umhverfislegt ágæti.

Í umhverfisvottun felast einföld skilaboð, þannig að notandinn þarf ekki að vera sérfræðingur til að sjá hvort varan eða þjónustan sem um ræðir stent væntingar. Vottun gerir auk þess góðan árangur sýnilegan og nýttist þannig í ímyndarsköpun og markaðssetningu. Umhverfisvottun getur verið af ýmsu tagi. Ýmist er um að ræða vottun á vöru, þjónustu eða stjórnun en yfirleitt eru þó ekki skörp skil þar á milli. Sömuleiðis er nálgunin mismunandi. Stundum er aðeins um að ræða vottun einstakra þátta, svo sem orkunýtingar. Í öðrum tilvikum er vottunin heildstæðari. Því er samanburður oft hæginn.

Góð reynsla af Svaninum

Ólafur Stoltzenwald hjá GuðjónÓ, sagði að í upphafi hafi hugsunin verið sú að bæta starfsumhverfið og draga úr notkun óæskilegra efna. Það varð síðan kveikjan að því að tekið var upp norræna umhverfismerkið Svanurinn á framleiðslu GuðjónsÓ árið 2000. Eitt og annað kom í ljós þegar reynsla fór að koma á vinnureglur Svansins, sérstaklega í bættri nýtingu á pappír og öðru hráefni. Sorpkostnaður hefur farið minnkandi og flokkunin er nákvæm. „Þarna teljum við að fyrirtæki geti haft





Í bæklingnum Hreinn ávinningur - Hvaða valkostir eru í boði í umhverfivottun á Íslandi? sem dreift var á ráðstefnunni er fjallað um umhverfivottanir sem í boði eru hér á landi. Bæklinginn má nálgast hjá Samtökum iðnaðarins og á vefsetri SI; www.si.is

utanumhald umhverfisþátta. Nú er umhverfisstjórnun fyrirtækisins í höndum gæðastjóra og umhverfisstarfið rennur nokkuð hnökralaust inn í gæðakerfið að sögn Guðbjargar. Hún segir hvatann af þessu starfi vera þríþættan, að draga úr kostnaði, auka verðmæti auðlinda fyrirtækisins og efla ímynd þess.

Strax á fyrsta ári umhverfisstarfsins náðist m.a. sá árangur að draga verulega úr vatnsnotkun og þar sporuðust 1,5 milljónir króna milli ára. Fiskroð er fryst og selt en áður nam urðunar-kostnaður þess einni til einni og hálfri milljón króna. Hins vegar er erfitt að meta fjárhagslegan árangur bættrar ímyndar en það skilar sér samfélagslega ef það gerir fyrirtækið eftirsóttan vinnustað og landvinnslunni veitir ekki af því núna. Guðbjörg telur að fyrirtæki verði sjálf að sjá sér hag í markvissu umhverfisstarfi og að frumkvæðið verði að koma frá þeim sjálfum en ekki stjórnvöldum.

Stórir kaupendur hafa gert kröfu um að vörur séu umhverfivottaðar en þá er átt við merki eða vottun sem snýst

eingöngu um nýtingu fiskistofna. „Við seljum þeim ímynd þess eðlis að hér sé ábyrgt fiskveiðistjórnunarkerfi sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og þegar þeir koma í heimsókn skiptir sú umræða öllu máli en ekki nánasta umhverfið.“

Starfsmenn hafa áhuga á umhverfismálum

Finnur Sveinsson sagði að hjá Tækni-vali sé áherslan lögð á umhverfisstarf en ekki umhverfisstjórnunarkerfi. Ekki ætti að skoða eitthvert kerfi og spyrja svo hvernig ætti að fullnægja kröfum þess heldur spyrja hvað ætti að skoða í fyrirtækinu og hvernig bæta mætti.

Fjöldi fólks hefur áhuga á umhverfismálum og það fólk er líka í fyrirtækjum. Gengið var út frá áhuga starfsmanna í upphafi og allir virkjaðir.

Nokkrum vinnuhópum var komið á fót og þeir athuguðu m.a. eldsneytisnotkun bílaflotans, hita- og rafmagn, aðföng, vinnuumhverfið, markaðsmál og kynningarefni og hvaða eldtefjandi efni er að finna í tölvum. Þá var farið fyrir sorp- og endurvinnslu utanhúss sem innan. M.a. var skoðað hvað það kostar að losna við umbúðir utan um tölvur og hvernig losa mætti viðskiptavininn við þær, þannig að kassar utan um tölvur yrðu vandamál Tæknivals en ekki viðskiptavinarins. Allir hópar áttu svo að gera grein fyrir niðurstöðum sínum á starfsmannafundi. Hann sagði að langmesti árangur umhverfisstarfsins hefði verið sá að starfsmenn fengu áhuga á starfinu og fannst það skemmtilegt. Nú hefði starfsfólk Tæknivals heildarsýn á umhverfi fyrirtækisins. Einnig hefði komið í ljós að sú aðferðafræði að nýta hópstarfið til að leysa vandamál tengd umhverfisstarfi nýttist þrýðilega til að leysa önnur vandamál.

Samkeppni um starfsfólk

Haukur Harðarson, hjá Mími-Símenntun fullyrta að góð vinnuaðstaða og hreinlegt umhverfi skipti miklu máli varðandi samkeppnina um starfsfólk. Hreinn og snyrtilegur vinnustaður hefði

áhrif á líðan fólks í vinnu og drægi úr fjarvistum vegna veikinda og hefði líka áhrif á starfsmannaveltu. Umhverfisstarf sé líka gott tækifæri til að skapa betri líðsheild. Ný lög geri nú einnig meiri kröfur um andlega þætti.

Haukur taldi eðlilegt að ábyrgð á umhverfisstarfi liggja hjá fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra en opinberir eftirlitsmenn taki svo stikkprufur öðru hverju. Umhverfismál séu í bestu lagi hjá þeim fyrirtækjum sem taka sjálf á málum sínum og kostnaðurinn af umhverfisstarfi skili sér. Mikilvægt sé að allir starfsmenn taki þátt í því starfi og fyrirtæki þurfi að halda öllum starfsmönnum sínum upplýstum og brýnt sé að hafa þá með í ráðum til að ná langtímamarkmiðum.

Áhrif á lánskjör

Jón Ingimarsson, Íslandsbanka, sagði að frá sjónarmiði banka hafi umhverfisstarf mikil áhrif á lánskjör. Ástæðan er sú að óvissan í rekstrinum er miklu minni en ella þegar allar upplýsingar liggja fyrir og áhætta lánveitandans er því minni enda líklegra að hann fái peninga sína til baka. Þegar lánskjör eiga í hlut horfir fólk einkum á vaxta-prósentuna en margt annað skiptir þó máli, s.s. lántökukostnaður sem getur orðið umtalsverður ef bankinn leggur mikla vinnu í að átta sig á hver áhættan sé. Lántökukostnaður fyrirtækis, sem er vel undirbúið og skilar gögnum, verður yfirleitt lægri en ella og það skilar sér oft í lægri vöxtum og getur einnig haft áhrif á lánstímann.

Við kaup og sölu eða sameiningu fyrirtækja eða þegar afla er fjár til nýs fyrirtækis er hægt að gera áreiðanlegri könnun vegna umhverfismála, hver staðan er almennt í fyrirtækinu eða hver hún er í áformuðum rekstri. Einnig er spáð í dulin vandamál, s.s. hvort fyrirhuguð byggingaralóð sé olíumeng-uð eða hafi verið notuð til urðunar mengandi efna og hvort umhverfiskröfur muni aukast og hvernig fyrirtækið hyggst bregðast við því. Þá er athugað hvort nágrannar séu sáttrir staðsetninguna.

Vistakstur og bætt verklag

Pálmar Sigurðsson hjá Hópbílum og Hagvögnum sagði að þegar ákveðið var að fara í vottun hafi stjórnendum snemma orðið ljóst að þetta endalagsa ferðalag krefðist þekkingar og því var leitað til ráðgjafa um leiðsögn „og við nutum góðs af því alla leið að ISO 14000 vottun en ferlið tók alls um þrjú ár.“ Millistjórnendur svo og allt starfsfólk tók einnig þátt í ferlinu. Starfsmenn voru óöruggir í byrjun en eftir að mál voru skýrð á fundi með þeim kom fram fjöldi ábendinga um hvernig fyrirtækið gæti bætt sig í þessu efni. Strax var leitað leiða til að draga úr notkun díselolíu sem er mesti mengunarvaldur fyrirtækisins og leitað til Ökuskólans í Mjódd um fræðslu og þjálfun í svo nefndum vistakstri. Náðið var fylgst með díselolíunotkun, sett upp rafræn skráning til að ná betri nýtingu og fyrsta árið náðist 6% sparnaður. „Með því að fylgjast svo grannt með getum við líka stýrt innkaupum betur en áður.“

Þá var endurskoðuð notkun olíu-hreinsiefna. Starfsfólkið varð betur upplýst um meðferð efna og með breyttu verklagi náðist góður árangur. Þá gat Pálmar þess að fyrirtækið hefði einnig notið góðs af því að sinna akstri fyrir Alcan sem hafði mikil áhrif á að ákveðið var að fara alla leið í vottun en Alcan gerir miklar kröfur til birgja sinna í þessu efni að sögn Pálmars.

Kostnaður skilar sér

Steinn Kárason, Umhverfisfræðsluráði, sagði að kostnaður og ágóði af umhverfisstarfi byggist á þremur grunnum; siðfræði, hagfræði og vistfræði. Þróuð hafa verið og innleidd í fyrirtæki og stofnanir, stöðluð gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem byggjast á einum eða fleiri þessara þátta. Staðlarnir eru eins konar uppskrift að góðum og ábyrgum stjórnunarháttum. Fyrirtæki innleiða staðlana af fúsum og frjálsum vilja, vitandi um kostnað og fyrirheit um ágóða.

Steinn sagði að fjárhagslegur ávinningur sé af umhverfisstarfi í fyrirtækjum,

stofnunum og sveitarfélögum. Vaxandi tilhneiging er til þess að umhverfisvæn fyrirtæki njóti betri lánskjara hjá bönkum en önnur fyrirtæki. En þó sjást þess enn þá, lítt eða ekki, merki að fyrirtæki, sem innleitt hafa gæða- eða umhverfisstjórnunarkerfi, njóti þess í lægri iðgjöldum tryggingafélaga.

Í alþjóðlegri könnun, sem gerð var ekki alls fyrir löngu meðal 5000 fyrirtækja, sögðu talsmenn yfir 60% fyrirtækjanna að kostnaðurinn við innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfisins hefði skilað sér aftur innan árs. Þessi niðurstaða vekur spurningar um af hverju einungis fimm íslensk fyrirtæki hafa innleitt vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Er ágóðinn vanmetinn? Vantar fleiri gulrætur? Yfirvöld ættu að taka til gaumgæfilegrar athugunar að veita vottuðum fyrirtækjum skattaávilnun í tiltekinn árafjölda eftir að vottun hefur verið staðfest.

Ríkið hvetur til vistvænnar innkaupastefnu

Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra sleit ráðstefnunni. Hún sagði meðal annars í ávarpi sínu að vægi umhverfismála færi vaxandi í þjóðmálaumræðu hér á landi. Menn gerðu sér æ betur grein fyrir því hve samofin umhverfismál og velferð væru. Velgengni fyrirtækja og samkeppnisstaða réðist í auknum mæli af því hversu vel þau huga að umhverfismálum starfseminnar.

Einn liður í að ná markmiðum stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 2003 væri að ríkið sýndi frumkvæði í vistvænum innkaupum og hvetti aðra til að fylgja því fordæmi. Þannig væru seljendur hvattir til að bjóða umhverfisvænar vörur og kaupendur til að kaupa þær. Stefna ríkisins væri skýr í þessu efni og í innkaupastefnu frá 2002 segi að við innkaup skuli tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Séu vörur sambærilegar að öðru leyti beri að velja þá tegund sem telst síður skaðleg umhverfinu.

Í þessu efni væri eftir miklu að slæggjast fyrir framleiðendur og innflytjendur því að hið opinbera væri stór neytandi eða kaupandi vöru með um fimmtung allra innkaupa í þjóðfélaginu. Í vistvænum innkaupum felist sú grundvallarskoðun að skynsamleg nýting auðlinda skili sér í samkeppnishæfu verði vöru og þjónustu. Með aðgerðum sínum í þessum efnum vænti ríkið þess að ná því markmiði sínu að auka hlutfallslega notkun umhverfisvænna vara án þess að grípa til reglusetningar eða annarra íþyngjandi aðgerða. Hún sagðist raunar binda vonir við að aðrir muni einnig stunda vistvæn innkaup í vaxandi mæli.

Tekið saman af Bryndísi Skúladóttur og Þóru Kristínu Jónsdóttur

Er allt á hreinu í þínu fyrirtæki?

Fundur um áhættugreiningu og áhættumat - um auknar kröfur, framkvæmd og tækifæri

Í sífellt fleiri lögum og reglugerðum eru gerðar kröfur um að fyrirtæki geri sérstakt áhættumat, sem varðar bæði ytra umhverfi og innri starfsemi. Í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda er t.d. kveðið á um að fyrirtæki komi sér upp sérstökum viðbragðsáætlunum til að bregðast við bráðamengunarslysum. Á fundi Samtaka atvinnulífsins verða veittar almennar upplýsingar um aðferðarfræðina sem liggur að baki áhættugreiningu og áhættumati, tilganginn, og tilgreint hvernig unnt sé að nýta þessa þætti til að ná betri árangri í rekstri fyrirtækja, sjá nánar í dagskrá á www.sa.is.

Fundurinn er haldinn hjá SA, Borgartúni 35, 6. hæð, þann 26. október 2005 kl. 8:30-10:30. Skráning á sa@sa.is og í síma 591 00 00.



Nám **styrkir** stoðir!

Styrktarsjóður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda auglýsir eftir umsækjendum um styrki til viðbótarnáms á sviði húsgagna- og innréttingasmíði. Tilgangur sjóðsins er að efla kunnáttu í framleiðslu húsgagna og innréttinga og styrkja fólk til frekara náms í greininni erlendis.

Reglur og kröfur til úthlutunar

Styrkþegar skulu vera starfandi í húsgagna- eða innréttingaframleiðslu.

Umsókn skal fylgja staðfesting atvinnurekenda þess efnis að umsækjandi starfi í húsgagna- og innréttingaframleiðslu.

Styrkhæf eru námskeið eða nám erlendis sem stendur allt frá einni viku til einnar annar.

Umsókn skulu fylgja upplýsingar um skóla, kostnað vegna námskeiðs og ferðar auk námsheitis svo og helstu efnistöð og tímasetning fyrirhugaðs náms.

Stjórn sjóðsins fer yfir umsóknir og veitir styrki.

Til að fá styrk greiddan þarf að framvísa staðfestingu skóla eða fræðslustofnunar um námsþátttöku, kostnað og námslok.

Að ábendingu getur stjórn veitt styrki til sérstaks eða óvenjulegs námskeiðahalds í faggreinum sem styrkja greinina verulega enda rúmast fjárveiting innan ráðstöfunarheimilda stjórnar eins og þær eru ákvarðaðar í reglum sjóðsins.

Umsóknir sendist fyrir 1. mars 2006



Áhugaverðar heimasiður skóla
NOREGUR Utdanningsrådet for møbel- og
innredningsbranchene: www.urnmi.no
DANMØRK Skive – tekniske skole: www.skives.dk



FÉLAG HÚSGAGNA- OG
INNRETTINGAFRAMLEIÐENDA